


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Sigurður Már Einarsson

KÖNNUN Á BJARNARFJARÐARÁ

Reykjavík
1982

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

I. Inngangur.

Starfsmenn Veiðimálastofnunar Teitur Arnlaugsson og Finnur Garðarsson könnuðu Bjarnarfjarðará dagana 25.-26. júlí 1980. Helsta markmið athugunarinnar var könnun á ánni með tilliti til þess hvort lífsskilyrði fyrir lax væru fyrir hendi. Áin var könnuð með rafveiðum á 5 stöðum í vatnakerfinu og auk þess var botngerð og straumlag árinnað.

II. Almennt um lífsskilyrði fyrir lax.

Rétt er að fara nokkrum orðum um þau atriði sem skipta máli ef lax á að geta þrífist.

Í fyrsta lagi má nefna að laxaseiði þrífast best á smágrýttum til grýttum botni í straumhraða u.þ.b. 0,5-1,0 m/sek. Þar fá seiðin bæði skjól fyrir afræningum og einnig er mesta fæðan til staðar (skordýralirfur).

Í öðru lagi hafa erlendar athuganir sýnt að hitastig vatns þarf að vera 6-7°C í 100 daga á ári til að lax fái þrífist. Á Íslandi er þó mögulegt að lax sé aðlagður að lægra hitastigi.

Í þriðja lagi má líta á fæðuskilyrði. Langalgengasta fæða laxaseiða eru rykmýs- og bitmýslirfur. Þessi botndýr eru síðarar sem lifa á plöntusvifi sem rekur niður ána. Til þess að plöntusvif myndist þarf áin að innihalda nauðsynleg uppleyst steinefni til myndunar á frumframleiðslu. Bestu laxveiðiár landsins koma úr næringarríkum vötnum eða hafa langan aðdraganda eftir láglendum heiðum.

III. Niðurstöður.

3.1. Botngerð og straumlag.

Hér fer á eftir stutt samantekt á niðurstöðum Teits Arnlaugssonar í einstökum hlutum vatnakerfisins (mynd 1).

Ef litið er fyrst á Bjarnarfjarðará telur Teitur Arnlaugsson að áin hafi fremur lítil uppeldisskilyrði fyrir lax hvað botngerð og straumlag varðar. Fyrir neðan bæinn Skarð er áin fremur fíngerð í botninn og skilyrði fyrir lax frekar rýr og

u.þ.b. hálfa vegu frá Skarði að brú er botn orðinn það fingerður að engin uppeldisskilyrði eru fyrir hendi.

Goðdalsá var könnuð langt fram á dal. Frá fyrsta ófiskgenga fossinum að bænum Goðdal rennur áin í giljum og er þar u.þ.b. 10-15 m breið. Botn er þar stórgrýttur og hrygningarmöl er ennfremur til staðar. Áin á þessu svæði atti að hafa góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði hvað botngerð og straumlag varðar.

Í Sunndalsá eru ennfremur góð skilyrði fyrir hendi varðandi botngerð. Áin er u.þ.b. 8 m að meðalbreidd, botn er grýttur og næg hrygningarskilyrði fyrir hendi.

3.2 Rafveiðar.

Niðurstöður rafveiða koma fram í töflu 1 og á mynd 2. Áin var rafveidd á 5 stöðum, einum í Bjarnarfjarðará, tveimur í Sunndalsá og á tveimur stöðum í Goðdalsá. Niðurstöður sýna í fyrsta lagi að mjög lítið var af laxaseiðum í áni og í öðru lagi voru það fyrst og fremst þriggja ára gömul seiði sem veiddust. Þá kemur einnig fram að vöxtur laxaseiðana er mjög hægur ef miðað er við góðar laxveiðiár og skilar áin sennilega af sér gönguseiðum á 4-5 árum. Athyglisvert er að yngri árganga en þriggja ára gömul laxaseiði vantaði nær alveg og klak virðist því ekki hafa heppnast árin 1978 og 1979. Ekki er hægt að dæma um árið 1980 þar sem klak gæti hafa komið upp úr mölinni eftir að seiðakönnunin var gerð.


IV Umræður.

Ljóst er að Bjarnarfjarðará er á mörkum þess að geta framleitt lax. Hvað hitastig varðar er ljóst að áin er mjög köld og snjóbráðar gætir langt fram eftir sumri. Áhrif hitastigsins eru sennilega hvað mest á klak hrogn. Hrogn þurfa ákveðin tíma (500 gráðudaga) til að klak komi upp. Sennilegasta skýringin á því að yngri árganga en 3ja ára gömul seiði vantar er að vorin 1978 og 1979 hafi verið það köld að klak hafi ekki komið upp fyrr en mjög seint sem veldur því að seiðin hafa ekki nægan tíma til undirbúnings fyrir veturinn. Raunar er vitað að vorið 1979 var mjög kalt og í flestum ám norðarlands vantar 1979 árganginn. Hitastig hefur ennfremur áhrif á vöxt laxaseiða.

Hvað botngerð varðar er ljóst að í Goðdalsá og Sunndalsá eru svæði sem henta vel til framleiðsla á laxi, en skilyrði í Bjarnarfjarðará eru fremur rýr.

Varðandi fæðuskilyrði er vitað að ár á Vestfjörðum eru fremur efnasnauðar og framleiðsla á botndýrum því fremur lítil.

Begar á þessi atriði er litið verður Bjarnarfjarðará því að teljast fremur ólíkleg til að verða laxveiðiá að nokkru marki. Áin er stutt, köld og efnasnauð og líkur eru til að náttúrulegt klak geti oft brugðist. Bleikjan hins vegar er miklu harðgerðari fiskur og getur nýtt sér þessi erfiðu skilyrði mun betur en laxinn.




MYND 1

1:100000



Mynd 2: Lengdardreifing og aldur laxa- og bleikjuseiða á 5 stöðum
í Bjarnafjarðará dagana 25.-26. júlí 1980.



Tafla 1: Niðurstöður rafveiða í Bjarnarfjarðará 25-26 júlí 1980 á 5 veiðistöðum. Farin var ein veiðifyrferð. Taflan sýnir aldur, fjölda veiðdra og meðallengd laxa- og bleikjuseiða á hverjum veiðistað.

Veiðistaðir	Veiðisvæði m ²	Aldur ár	Fjöldi veiðdra		Meðallengd cm	
			lax	bleikja	lax	bleikja
Bjarnarfjarðará 200 m f. neðan ármót Sunddalsár og Goðdalsár. Stöð no 1	300	0 1 2 3 4	18	2 4 3 1	7.3	3.5 6.4 8.3 10.0
Sunddalsá við eyðibýlið Sunddalsá Stöð no 2	182	0 1 2 3 4	13 1		8.8 13.0	
Sunddalsá fyrir ofan Fossá Stöð no 3	stórt svæði veitt	0 1 2 3 4		1		6.4
Goðdalsá 400 m f. ofan ármót Sunddalsár. Stöð no 4	154	0 1 2 3 4	1 3 4	5 10 1	3.9 8.3 9.1	3.6 5.9 9.2
Goðdalsá 1/2 km. frá eyðibýlinu Goðdalsá Stöð no 5	260	0 1 2 3 4		1 10 3		2.9 6.4 8.9